

# *Ársskýrsla samþættingar skóla- og frístundastarfs 2023-2024*

---



**Norðurþing**

## **Inngangur**

Nú er komin ársreynsla af samþættingarverkefningu svokallaða sem er samstarf Grænuvalla, Borgarhólsskóla, frístundar og Völsungs um samþætt og heildstætt skóla- og íþróttastarf barna í tveimur elstu árgöngum Grænuvalla og tveimur yngstu árgöngum Borgarhólsskóla. Lagt er upp með að íþróttaæfingar barna á þessum aldri sé lokið kl 16 á daginn og fara því iðkendur í fylgd leikskólans eða frístundar á æfingar. Starfsfólk skólanna er þjálfurum því til aðstoðar og stuðnings þar sem það á við. Einnig stendur nemendum á unglingastigi það til boða í vali að aðstoða við þjálfun og vekur það almennt mikla ánægju hjá iðkendum.

Í lok febrúar 2023 var könnun send á foreldra barna sem taka þátt í verkefningu. Svarhlutfall var nokkuð gott og helstu niðurstöður eru þær að almenn ánægja foreldra ríkir um verkefnið. Það bar aðeins á því að foreldrar barna í öðrum bekk töldu að það væri erfiðasti aldurinn þar sem nemendur höfðu áður vanist því að æfa aðeins eina íþróttagrein. Í könnuninni var foreldrum gefinn kostur á að koma með ábendingar til að bæta verkefnið og var meðal annars komið inn á það að gott væri að fá umsjónarmann yfir verkefnið. Það hefur verið brugðist við því og var Arnar Pálmi Kristjánsson ráðinn verkefnastjóri á haustdögum og bjóðum við hann velkominn til starfa.

Strax sumarið 2023 kom í ljós jákvæð áhrif sem verkefnið getur haft og augljósast er að sjá áhrifin á þessum tímamarki á sumarnámskeiði knattspyrnunnar því að hinar íþróttirnar í samþættingunni, fimleikar og blak, eru almennt ekki með sumarnámskeið. Sumarið 2023 voru 33 iðkendur skráðir á sumarnámskeið 8. flokks í knattspyrnu eða 52% af þeim sem gátu skráð sig, samanborið við 14 einstaklinga sumarið 2022.

Rannsóknir hafa sýnt að regluleg hreyfing barna stuðlar að líkamlegri og félagslegri þróun. Sýnt hefur verið fram á framfarir í samvinnu og einnig að börn sem taka þátt í bæði íþróttum og öðrum tómstundum eru með betri félagsfærni samanborið við börn sem ekki taka þátt í tómstundum utan hefðbundis skólastarfs.

Vefsíða var sett í loftið til að halda utan um verkefnið hjá Norðurþingi. Lítið hefur þó reynt á síðuna en engu að síður er gott að hafa “heimahöfn” þar sem helstu upplýsingar koma fram. Þess má geta að í upphafi var ákveðið að öllum ábendingum yrði beint að vefeyðublaði á síðunni.

<https://www.nordurthing.is/is/thjonusta/ithrottir-og-tomstundir/samthaetting-skola-og-fristundar>

## **Stýrihópur**

Stýrihópur fundar reglulega um framvindu verkefnisins og heldur utan um fundina með fundargerð. Hópurinn mánaðarlega að jafnaði en oftast ef þurfa þykir.

Hópurinn skipa:

Hafrún Olgeirsdóttir - íþrótt- og tómsfundafulltrúi Norðurþings

Jón Höskuldsson - Fræðslufulltrúi Norðurþings

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir - Deildarstjóri í Borgarhólsskóla

Jónas Halldór Friðriksson - framkvæmdastjóri Völsungs

Arnar Pálmi Kristjánsson - verkefnastjóri samþættingarverkefnis

Berglind Ósk Ingólfssdóttir - umsjónarmaður frístundar

Sigríður Valdís Sæbjörnsdóttir - leikskólastjóri Grænuvalla

Unnur Ösp Guðmundsdóttir - sérgreinastjóri Grænuvalla

Ut anumhald og reglulegir fundir stýrihópsins eru mjög mikilvægir og þar tökum við á úrlausnarefnum sem koma upp hverju sinni.

## **Mönnun**

Í vetur vorum við reynslunni ríkari varðandi mönnun. Ákveðið var að ráða verkefnastjóra inn í verkefnið sem var inni á öllum æfingum ásamt því að halda utan um verkefnið. Deildir sáu um að skipuleggja æfingar ásamt því að manna þær með þjálfurum. Heilt yfir gekk það vel og mönnun heilt yfir mjög góð. Í vetur fóru þrír kennarar með nemendum elsta árgangs Grænuvalla frá leikskólanum í höllina og fjórir kennarar með næst elsta árgangi. Foreldrar sóttu að tíma loknum. Kennarar aðstoðuðu þjálfara eftir þörfum.

Starfsfólk Frístundar fylgdi nemendum í 1. og 2. bekk eftir þörfum. 1-2 starfsmenn eftir stærð hópanna.

Nemendur á unglingastigi gátu valið aðstoðarþjálfun í vali og voru þá að aðstoða við þjálfun.

## **Tímasetning/Stundatafla**

Tímasetning eins og hún var í vetur var sem hér segir:

i. 1.-2. bekkur kvk - 18

- Mánudagar 13:30 – knattspyrna
- Miðvikudagar 14:40 – fimleikar hópur 3
- Fimmtudagar 13:30 – blak

ii. 1.-2. bekkur kk - 35

- Þriðjudagar kk 14:30 – knattspyrna
- Miðvikudagar 13:20 – fimleikar hópur 1

Miðvikudagar 14:00 - fimleikar hópur 2

· Fimmtudagar 14:20 – blak

iii. Leikskólahópur 2018 – 32

· Þriðjudagar 15:15 – knattspyrna

· Miðvikudagar 15:15 – fimleikar

iv. Leikskólahópur 2019 - 31

· Mánudagar 15:15 – til skiptis fimleikar og knattspyrna aðra hverja viku.

Tímasetningin er góð fyrir grunnskólabörn þar sem þetta er að mestu í beinu framhaldi af skóladegi þeirra. Drengjahópurinn var það stór að ákveðið var að hafa hann aðeins seinna til að auka líkur á að fá aðstoðarþjálfara úr val áfanga í grunnskólanum. Í fimleikunum var drengjahópnum skipt í tvennt og því var 1.-2. bekkur í þremur hópum í fimleikum. Í blaki og knattspyrnu voru tveir hópar. Reynslan af þessari breytingu í fimleikum var góð og því er nauðsynlegt að meta hópastærðir fyrir hvert ár. Mönnun, æfingahópar og annað mun svo ráðast af hópastærðum.

### **Fyrirkomulag tíma**

Þegar leikskólanemendur eru komnir í höllina fara þeir úr útifötum og ganga frá þeim í forstofunni, næst fara þeir í innri búningsklefana tvo og klæða sig úr fötum og í æfingafötin ef þau eru ekki í þeim innan undir. Kennarar bíða svo með börnunum eftir að þjálfararnir koma og sækja þau og hleypa þeim inn í sal. Eftir æfingu hjá leikskólanemendum senda kennarar börnin inn í klefa og einn kennari sér um að sækja foreldrana sem bíða inn í forstofu. Foreldrarnir fara inn í klefa og aðstoða börnin sín og kennararnir bíða fyrir utan og skrá börnin út þegar þau koma út úr klefanum með foreldrum sínum. Þegar börnum og foreldrum fækkar í klefunum fara kennarar inn og aðstoða þau börn sem ekki er búið að sækja.

Starfsfólk Frístundar fylgir nemendum inn í klefa og aðstoðar þá þar til þeir eru sóttir. Nemendur Frístundar fara til baka í Frístund að lokinni æfingu þar sem merkt er við þau.

Það er mat leikskólakennara að fyrirkomulag tímanna sé gott. Skipulagið í fótboltanum er mjög skilvirkt og til fyrirmyndar. Helst mætti bæta að þjálfarar virði tímann og passi að Frístund sé búin þegar leikskólahópurinn á að byrja svo þau séu ekki að bíða inn í klefa þegar æfingin ætti að vera byrjuð. Fimleikarnir eru alltaf í endurskoðun og er fyrirkomulag tímanna gott núna, börnin hafa meira að gera og þurfa að bíða minna.

Heilt yfir ganga tímarnir mjög vel. Verkefnastjóri er tengiliður við þjálfara og gekk það einnig vel. Verkefnastjóri er inni á öllum æfingum ásamt þjálfurum frá öllum deildum.

## **Framtíðarsýn**

Samþættingarverkefnið er verkefni sem er komið til að vera. Það er einstakt að öll börn á umræddu aldursbili fari á íþróttæfingar. Við erum einnig að undirbúa börnin fyrir væntanlega þátttöku í viðkomandi íþróttagreinum, og öðrum íþróttagreinum, þegar þau verða eldri. Fjölbreytileikinn er fínn og ætti verkefnið að ná að kveikja áhuga hjá flestum iðkendum sem ættu því að geta valið sér íþróttagrein/ar til að stunda til lengri tíma.

Einnig er mikilvægt að á þessum aldri náum við einnig til barna sem eru af erlendu bergi brotin og hefur sýnt sig að skila sér ekki eins vel inn í íþróttastarfið okkar. Við erum því að ná utan um þau strax á unga aldri og kynna þau fyrir íþróttum sem eru í boði.

Það er komin ákveðin festa í verkefnið og það farið að rúlla vel yfir starsfítímann. Það er hins vegar mikilvægt að hlúa að verkefninu og þróa það áfram því möguleikarnir eru fjölmargir og ávinningurinn augljós.

## **Fagleg sýn á verkefnið**

Verkefnið stuðlar að eflingu félags- og hreyfiþroska nemenda og jafnar möguleika þeirra á að stunda íþróttir á Húsavík. Með verkefninu kynnast nemendur frá unga aldri fjölbreyttum íþróttum og hjálpar þeim að mynda sér skoðun á hvaða íþrótt þau vilja velja þegar þau vaxa upp úr verkefninu. Verkefnið er einnig liður í að brúa bilið milli leik- og grunnskóla, nemendur læra á íþróttahúsið og umhverfið þar áður en þeir hefja grunnskólagöngu. Með því að nemendur stundi íþróttir á leikskólatíma aukast tækifæri fyrir fjölskyldur til að eiga tíma saman eftir leikskóla.

Íþróttafélög á Íslandi eru einstök á heimsvísu því þau eru byggð upp með þeim hætti að öll börn og ungmenni geta stundað þá starfsemi sem þar fer fram. Þar að auki hafa rannsóknir sýnt fram á að skipulagt íþróttastarf er orðið eitt af lykilþáttum forvarnarstarfs.

Þrátt fyrir að íþróttafélög á Íslandi séu öllum aðgengileg að þá er það ekki svo að öll börn og ungmenni stundi íþróttir en þar geta legið að baki ýmsar ástæður. Með þessu verkefni fá öll börn á ákveðnu aldursbili kynningu á fjölbreyttu starfi Völsungs. Merki eru um að iðkendum er þegar farið að fjölga í greinum hjá félaginu. Má nefna því til stuðnings aukin þátttaka í mótum og sumarnámskeiðum á vegum Völsungs. Verkefnið hefur því gríðarlega mikið forvarnarlegt gildi. Með auknum iðkendafjölda í starfi félagsins aukum við um leið gæði starfseminnar.

### **Mót, sýningar og önnur verkefni**

Börnin eru spennt fyrir mótum og því um að gera að halda þeim inni. Það er ákveðin gulrót þegar kominn er æfingaleiði og því alltaf gott að hafa að einhverju ákveðnu að stefna.

Deildir hafa séð um að halda utan um mót sem eru utan skólatíma. Það er mat stýrihóps um verkefnið að deildir haldi utan um foreldrastarf í hverjum aldurshópi og er það einnig mikilvægt þegar kemur að kynningu á starfi deilda félagsins.

### **Annað sem vert er að taka fram**

Leikskólahópurinn prófaði að byrja daginn á fimleikum. Þá mættu foreldrar með börnin beint upp í íþróttahöll og kennarar röltu með börnin í leikskólann eftir íþróttatíma. Þetta gekk ekki mjög vel og var ákveðið að færa tímana aftur í lok dags í október. Kennarar voru sammála um að annað hvort þyrftu allir tímarnir að vera á morgnanna eða allir seinnipartinn. Börnin svo voru vön því að vera sótt eftir íþróttatíma, þeim fannst erfitt að fara í leikskólann þegar þau bjuggust við að vera sótt og eins er erfitt að tryggja að börnin séu nógu vel klædd til að labba í leikskólann eftir tíma.


Mikil ánægja er með ráðningu verkefnastjóra. Leikskólakennurum finnst gott að hafa sama tengilið inn á báðar íþróttagreinarnar sem leikskólabörnin stunda.

Starfsdagur verður í verkefninu á Norðursþingsdeginum í lok september og verður hann notaður til að samræma ýmsa þætti í verkefninu.

## Fylgiskjal 1 – Samanburður á iðkendatölum í samþættingarverkefni

	sambætting - fyrsta ár									sambætting - annað ár								
	2021/2022			2022/2023			2023/2024			2021/2022			2022/2023			2023/2024		
	fjöldi iðkenda	fjöldi nemenda	hlutfallsleg þátttaka	fjöldi iðkenda	fjöldi nemenda	hlutfallsleg þátttaka	fjöldi iðkenda	fjöldi nemenda	hlutfallsleg þátttaka	fjöldi iðkenda	fjöldi nemenda	hlutfallsleg þátttaka	fjöldi iðkenda	fjöldi nemenda	hlutfallsleg þátttaka	fjöldi iðkenda	fjöldi nemenda	hlutfallsleg þátttaka
Knattspyrna - leikskólahópur	24	52	46%	53	53	100%	63	63	100%	63	63	100%	63	63	100%	63	63	100%
Fimleikar - leikskólahópur	14	52	27%	53	53	100%	63	63	100%	63	63	100%	63	63	100%	63	63	100%
knattspyrna - 1.-2. bekkur kvk	7	34	21%	23	23	100%	18	18	100%	18	18	100%	18	18	100%	18	18	100%
Fimleikar 1.-2. bekkur kvk	17	34	50%	23	23	100%	18	18	100%	18	18	100%	18	18	100%	18	18	100%
Blak 1.-2. bekkur kvk	14	34	41%	23	23	100%	18	18	100%	18	18	100%	18	18	100%	18	18	100%
knattspyrna 1.-2. bekkur kk	18	33	55%	38	38	100%	35	35	100%	35	35	100%	35	35	100%	35	35	100%
Blak 1.-2. bekkur kk	10	33	30%	38	38	100%	35	35	100%	35	35	100%	35	35	100%	35	35	100%
fimleikar - 1.-2. bekkur kk	1	33	3%	38	38	100%	35	35	100%	35	35	100%	35	35	100%	35	35	100%

Í súluritinu að neðan má sjá þróun á iðkendatölum á milli deilda. Fyrsta árið í samþættingunni er veturinn 2022/23.



Að neðan má sjá samtölur yfir iðkanir í eftirfarandi aldurshópum áður en verkefnið hófst og svo undanfarin tvö ár eftir að verkefnið hóf göngu sína.

Samtölur	2021/2022	2022/2023	2023/2024
Leikskólahópur	38	106	126
1.-2. bekkur kvk	24	69	54
1.-2. bekkur kk	29	114	105
<b>fjöldi iðkenda samtals</b>	<b>91</b>	<b>289</b>	<b>285</b>
<b>fjöldi í íþróttaskóla (2-5 ára)</b>	<b>62</b>	<b>55</b>	<b>82</b>

## Fylgiskjal 2 – Könnun

Í apríl var könnun send á foreldra barnanna sem taka þátt í verkefninu. Svarhlutfall var mjög gott. 98% grunnskólaforeldra svaraði könnunninni og 80% foreldra leikskóla barna. Helstu niðurstöður voru að almennt ríkir ánægja meðal foreldra með verkefnið. Þar sem öll börn í 1. og 2. bekk eru skráð í Frístund nýta öll börn æfingarnar. Foreldrar eru ánægðir með samfelldan dag barnanna. Könnunin sýndi að foreldrar telja vel haldið utan um verkefnið og að nemendum líði vel. Þeir hafi ekki miklar upplýsingar um það sem fram fer í tímum en ekki þarf að túlka það sem neikvæða upplifun. Foreldrar eru vanir miklum upplýsingum úr starfinu í leikskólanum sem og grunnskólanum og því gæti verið að hér væri verið að yfirfæra það yfir á íþróttæfingarnar. Foreldrum var gefinn kostur á að koma með ábendingar til að bæta verkefnið og þær hugmyndir sem komu fram þar sneru að upplýsingum um það sem fram fer í íþróttatímum, tímann þegar leikskólabörnin eru sótt og hvort hægt sé að bjóða upp á fleiri æfingar í tilteknum greinum.

*Helstu niðurstöður settar fram myndrænt*

4. Ég er í heildina ánægð/ánægður með samþættingarverkefnið. - I am pleased with the project in general

[More Details](#)

<span style="color: blue;">●</span> Mjög sammála - Strongly agree	59
<span style="color: orange;">●</span> Sammála - Agree	35
<span style="color: green;">●</span> Hvorki né - Neither	4
<span style="color: red;">●</span> Ósammála - Disagree	2
<span style="color: purple;">●</span> Mjög ósammála - Strongly disa...	1



5. Ég upplifi að barnið mitt sé ánægt í tímum í höllinni - My child is happy during the sport classes

[More Details](#)

[Insights](#)

<span style="color: blue;">●</span> Mjög sammála - Strongly agree	49
<span style="color: orange;">●</span> Sammála - Agree	36
<span style="color: green;">●</span> Hvorki né - Neither	12
<span style="color: red;">●</span> Ósammála - Disagree	4
<span style="color: purple;">●</span> Mjög ósammála - Strongly disa...	0





6. Ég hef þekkingu á því hvað fer fram í tímunum í höllinni. - I know what my child is doing during the sports lessons.

[More Details](#)

● Mjög sammála - Strongly agree	10
● Sammála - Agree	23
● Hvorki né - Neither	23
● Ósammála - Disagree	34
● Mjög ósammála - Strongly disa...	11




7. Ég upplifi gott skipulag og utnumhald um verkefnið í leikskólanum. I think the plan and execution around the project is good in the kindergarten

[More Details](#)

[Insights](#)

● Mjög sammála - Strongly agree	25
● Sammála - Agree	26
● Hvorki né - Neither	11
● Ósammála - Disagree	2
● Mjög ósammála - Strongly disa...	0
● Ég á ekki barn í leikskóla - I don't...	37



8. Ég upplifi gott skipulag og utnumhald um verkefnið í Frístund. I think the plan and execution around the project is good in Frístund (after school leisure).

[More Details](#)

[Insights](#)

● Mjög sammála - Strongly agree	10
● Sammála - Agree	28
● Hvorki né - Neither	12
● Ósammála - Disagree	3
● Mjög ósammála - Strongly disa...	1
● Ég á ekki barn í Frístund - I don't...	47

